



Kópavogsbær

Digranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

# Breikkun Suðurlandsvegjar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku

Grenndarkynning á  
framkvæmdarleyfisumsókn


## Umsögn

Forsendur  
Ferill málsins  
Athugasemdir og umsagnir  
Niðurstaða

1. október 2021/adk  
ONE/2105939

## 1) Forsendur

Vegstæði þess hluta Suðurlandsvegur sem umsókn þessi tekur til er í upplandi Kópavogs. Sjá mynd 1. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er eftirfarandi umfjöllun um fyrirhugaðar breytingar á veginum: „Gert er ráð fyrir að byggð verði þrjú mismæg gatnamót eða hringtorg á þeim hluta Suðurlandsvegur sem er innan Kópavogs og tvöföldun á veginum. Vinna skal deiliskipulag af fyrirhuguðum breytingum á veginum frá Hólmsá að Lögbergsbrekku“. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.



Mynd 1. Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2012-2024. Verkmörk eru táknud með grænu.

## 2) Ferill máls

Á fundi skipulagsráðs 5. júlí 2021 var lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 27. maí 2021 um framkvæmdarleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegur frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Skipulagsráð samþykkir með tilvísan í 8. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 að grenndarkynna ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi með takmörkunum fyrir hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum að fengnu álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Grenndarkynning var send 18. ágúst 2021 með athugasemdafresti til 17. september 2021. Athugasemdir bárust á kynningartíma. Á fundi skipulagsráðs 20. september 2021 var umsókninni ásamt inkomnum athugasemdum vísað til umsagnar skipulagsdeildar.

## 3) Athugasemdir og ábendingar. Umsagnir

Á kynningartíma bárust athugasemdir og ábendingar frá:

1. Presti Ólafssyni og Þórunni Klemenzdóttur eigendum sumarbústaðar við Lækjarbotnaland 40.
2. Gunnari Haraldssyni f.h. eigenda og ábúenda Gunnarshólma.
3. Waldorfskólanum í Lækjarbotnum
4. Sverri Kristfinnssyni, sumarhússeiganda við Geirland
5. Umsögn Veitna barst 28. september 2021.

## **1. Þröstur Ólafsson og Þórunn Klemenzdóttir** Lækjarbotnaland 40

### **1.1**

Spurning okkar er hvort afleggjarinn sem er í miðri Lögbergsbrekkunni (merktur Túnhvammur) og liggur inn í sumarbústaða byggðina, verði lagður af eður ei. Sé svo er spurningin hvað kemur í staðinn?

#### **Umsögn 1.1**

Áfanginn frá Hólsmá að Lögbergsbrekku er sá hluti sem eftir stendur af breikkun Suðurlandsvegar frá Hveragerði til Reykjavíkur. Þessum áfanga hefur verið skipt í tvennt og sú framkvæmd sem nú er kynnt takmarkast við breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Framkvæmdin felst aðeins í byggingu vegarins en hann verður ekki tekinn í notkun fyrr en að loknum síðasta áfanganum frá Fossvöllum að Hólsmá og þá samhliða þeim gatnamótalausnum sem í þeim áfanga felast. Sá áfangi verður kynntur síðar fyrir hagsmunaaðilum.

Í síðasta áfanga framkvæmdarinnar er gert ráð fyrir að tengingunni í Lögbergsbrekkunni verði lokað enda enda markmið framkvæmdarinnar að sameina og fækka vegtengingum og auka þannig umferðaröryggi.

Umferð frá sumarhúsum verður beint um ný vegamót við Lækjarbotna, annað hvort með hliðarvegi niður með Lögbergsbrekku og um Lækjarbotnalandið eða eftir núverandi slóða til vesturs. Verið er að skoða mögulega aðra kosti samhliða vinnu við næsta áfanga framkvæmdarinnar en tenging við Lækjarbotnaland 40 og aðra bústaði verður tryggð.

## **2. Gunnar Haraldsson fh. eigenda og ábúenda Gunnarshólma**

### **2.1 Breikkun vegarins verði til suðurs í stað norðurs.**

„Óánægja eigenda er einkum fólgin í því að framkvæmdaraðilar viðrast einungis hafa skoðað þann kost að leggja veginn norðan núverandi vegar í landi Gunnarshólma, þ.e. í átt að nýlega byggðu íbúðarhúsi og ferðaþjónustu sem þar er rekin.“

#### **Umsögn 2.1**

Í matsskýrslu sem unnin var af verkfræðistofunni Eflu árið 2009 er fjallað um mögulega legu vegarins sunnan og norðan núverandi Suðurlandsvegar.

Megin ástæða fyrir legu norðan vegarins er staðsetning friðlýsts svæðis, Tröllabarna, suðaustan við vegamót Suðurlandsvegar og afleggjara að Lækjarbotnalandi. Röskun á svæðinu útilokar að mögulegt sé að koma breikkun vegarins fyrir með haganlegum hætti sunnan núverandi vegstæðis.

### **2.2 Umfangsminni framkvæmd og neikvæð áhrif á hljóðvist.**

„Eigendur Gunnarshólma telja að ekki hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt sé að leggja 2+2 veg með svo breiðu sniði til að markmiðum framkvæmdanna verði náð og heldur ætti að skoða möguleikann á 2+1 vegi á svæðinu.“

„Þá telja eigendur að ekki hafi verið sýnt fram á að framkvæmdaraðilar muni geta náð að fylgja ákvæðum reglugerðar varðandi mörk fyrir hávaða ef 2+2 vegur verður lagður á þessum kafla.“

#### **Umsögn 2.2**

Með tilvísan í viðbrögð Vegagerðarinnar dags. 22. september 2021 (fylgiskjal 6) er bent á að ekki stendur lengur til að hækka vegstæði Suðurlandsvegar til þess að koma fyrir mismögum vegamótum við Geirland. Hæðarlega vegstæðisins mun því haldast óbreytt á umræddu svæði og áhrif á hljóðvist minni en annars. Tryggt verður að hljóðstig við Gunnarshólma verði undir mörkum reglugerðar um hávaða nr. 724/2008.

Jafnframt er áréttað að mörk svæðisins sem ofangreind framkvæmdarleyfisumsókn tekur til er frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku rétt austan friðlýsta svæðisins Tröllabörn.



Mynd 2: Verkmörk framkvæmdarinnar austan Tröllabarna táknuð með grænu.

Nánar er vísað til viðbragða Vegagerðarinnar dags. 22. september 2021 (fylgiskjal 6).

### 3. Waldorfskólinn Lækjarbotnum Lækjarbotnaland 53

#### 3.1

Í þeim gögnum sem fyrir liggja er ekki minnst á Waldorfskólann í Lækjarbotnum né vegtengingu við skólann. Framkvæmdin eins og hún er lögð fram í dag gengur ekki upp fyrir starfsemi leik- og grunnskólans og þar af leiðandi getum við ekki fallist á þessa grenndarkynningu. Á fundum með Vegagerðinni og Kópavogsbæ hefur verið fullyrt við okkur að lausn yrði fundin á vegtengingu við skólann og ekki yrði veitt framkvæmdaleyfi fyrr en að sú tenging lægi fyrir. Sú lausn liggur ekki fyrir og þar af leiðandi getum við ekki samþykkt þessa grenndarkynningu. Við leggjum áherslu á að áfram verði unnið að lausn málsins með aðkomu Waldorfskólans og með hag nemenda, foreldra og starfsfólks í huga áður en framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegur frá Fossvöllum verður veitt.

#### Umsögn 3.1

Framkvæmdin felst aðeins í byggingu vegarins en hann verður ekki tekinn í notkun fyrr en að loknum síðasta áfanganum frá Fossvöllum að Hólmsá og þá samhliða þeim gatnamótalausnum sem í þeim áfanga felast. Sá áfangi verður kynntur síðar fyrir hagsmunaaðilum.

Í þeirri framkvæmd sem nú er kynnt verður ekki gerð breyting á aðkomu að Waldorfskólanum frá Suðurlandsvegi.

Skipulagsdeild tekur undir sjónarmið um mikilvægi samráðs við Waldorfskóla um fyrirhugaðar breytingar á vegtenginum í síðasta áfanga breikkunar vegarins og áréttar jafnframt mikilvægi þess að aðgengi að skólanum sé ekki skert miðað við núverandi tengingar.

#### **4. Sverrir Kristfinnsson**

Súmarhússeigandi við Geirland.Lækjarbl. Geirland 2.

##### **4.1**

Ábending: Setja þyrfti hljóðmön þar sem vegur snýr að sumarhúsabyggð þegar þar að kemur.

##### **Umsögn 4.1**

Í seinni áfanga framkvæmdarinnar frá Lögbergsbrekku að Hólmsá verður ofangreind ábending höfð til hliðsjónar.

#### **5. Umsögn Veitna dags. 28. september 2021**

Vísað er til fylgiskjala 8-11.

#### **4) Niðurstaða umsagnar**


Ekki þykir ástæða til að endurskoða legu vegarins norðan núverandi akbrauta á þeim kafla sem ofangreind framkvæmdarleyfisumsókn tekur til.

Mörk framkvæmdarsvæðisins sem umsóknin tekur til eru frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku rétt austan friðlýsta svæðisins við Tröllabörn og austan landsins við Gunnarshólma.

Enn fremur er áréttað að síðasti hluti fyrirhugaðrar framkvæmdar við breikkun Suðurlandsvegar frá Lögbergsbrekku að Hólmsá mun verða kynntur fyrir hagsmunaaðilum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar með sama hætti sú framkvæmd sem nú er kynnt. Hagsmunaaðilum mun því gefast því tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skipulagsyfirvöld varðandi þær gatnamótalausnir sem í þeim áfanga felast og enn eru í vinnslu.

Mikilvægt er að sjónarmið þau sem fram koma í ofangreindum athugasemdum séu höfð til hliðsjónar við gerð skipulags fyrir áfangann frá Lögbergsbrekku að Hólmsá.

# Fylgiskjal 1 – Yfirlitsmynd



## Fylgiskjal 2 – Samþykki forsætisráðuneytisins



### FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík  
sími: 545 8400 postur@for.is  
forsætisraduneyti.is

Vegagerðin  
Helga Jóna Jónasdóttir  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Reykjavík 6. júlí 2021  
Tilv.: FOR21070027/9.1.1

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Vegagerðarinnar frá 5. júlí sl., þar sem óskað er eftir samþykki ráðuneytisins fyrir vegalögn um þjóðlendu innan stjórnsýslumarka Kópavogsbæjar.

Umrædd framkvæmd er innan þjóðlendna og skv. 3. mgr. 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 þarf samþykki ráðuneytisins fyrir nýtingu lands og landsréttinda á svæðinu.

Með vísan til fyrrnefndrar heimildar samþykkir forsætisráðuneytið fyrirhugaða nýtingu á landi og landsréttindum með því skilyrði að framkvæmdaleyfi liggi fyrir við upphaf framkvæmda, sem minnst rask verði á landslagi og jarðvegi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurður Örn Guðleifsson

  
Egill Pétursson

### **Fylgiskjal 3 – Athugasemd sumarbústaðareigenda við Lækjarbotnaland 40**

---

**Stofnupplýsingar**

Til : Skipulag  
Frá : Þröstur Ólafsson <throsturol@gmail.com>  
Heiti : Breikkun Suðurlandsbrautar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku  
Málsnúmer : 2105939  
Málsaðili : Vegagerðin  
Skráð dags : 2.9.2021 21:30:55  
Höfundur : Þröstur Ólafsson <throsturol@gmail.com>

Góðan dag,

við hjónin eigum sumarbústað (Lækjarbotnaland nr. 40) vestan við Suðurlandsbraut um 1 km. vestan við Túnhvamm.

Spurning okkar er hvort afleggjarinn sem er í miðri Lögbergsbrekkunni (merktur Túnhvammur) og liggur inn í sumarbústaða byggðina, verði lagður af eður ei. Sé svo er spurningin hvað kemur í staðinn ?

Með kveðju og þökkum

Þröstur Ólafsson kt.041039-3109  
Pórunn Klemenzdóttir kt.290145-4739  
Bræðraborgarstíg 21b  
101 Reykjavík

## Fylgiskjal 4 – Athugasemd frá Waldorfskólanum Lækjarbotnum

---



Lækjarbotnar, 15. september 2021

Til Skipulagsdeildar Kópavogsbæjar  
Dígranesvegj 1  
200 Kópavogi

Vegna grenndarkynningar á breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögborgsbrekku /  
Ábendingar og athugasemdir við framlagða tillögu.

Í þeim gögnum sem fyrir liggja er ekki minnst á Waldorfskólann í Lækjarbotnum né veltengingu við skólann. Framkvæmdin eins og hún er lögð fram í dag gengur ekki upp fyrir starfsemi leik- og grunnskólans og þar af leiðandi getum við ekki fallist á þessa grenndarkynningu. Á fundum með Vegagerðinni og Kópavogsbæ hefur verið fullyrt við okkur að lausn yrði fundin á veltengingu við skólans og ekki yrði veitt framkvæmdaleyfi fyrr en að sú tenging lægi fyrir. Sú lausn liggur ekki fyrir og þar af leiðandi getum við ekki samþykkt þessa grenndarkynningu.

Við leggjum áherslu á að áfram verði unnið að lausn málsins með aðkomu Waldorfskólans og með hag nemenda, foreldra og starfsfólks í huga áður en framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum verður veitt.

Fh. Waldorfskólans í Lækjarbotnum og skólasamfélagsins

## Fylgiskjal 5 – Athugasemd Gunnars Haraldssonar f.h. eigenda og ábúenda Gunnarshólma

Kópavogsbær  
B.t. skipulagsdeildar  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur

16. september 2021

### Efni: Athugasemdir við fyrirhugaða breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku

Nú stendur til að hefjast handa við tvöföldun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku og því styttest í að framkvæmdir hefjist í landi Gunnarshólma. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum stendur til að tvöfalda vegin í átt að íbúðarhúsi og fyrirtækjum á staðnum og eru eigendur Gunnarshólma afar mótfallnir því. Enn er tækifæri til að endurskoða þessar fyrirætlanir og skora landeigendur á Kópavogsbæ að gefa ekki út framkvæmdarleyfi að óbreyttu. Farið er fram á að neðangreindar efturfarandi athugasemdir verði teknar til greina við framkvæmdina.

#### 1. Breikkun vegarins verði til suðurs í stað norðurs

Ljóst er að þær framkvæmdir sem til stendur að hefja í landi Gunnarshólma verða mjög umfangsmiklar og munu koma til með að hafa mikil áhrif á umhverfi og landsnotkun á svæðinu. Óánægja eigenda er einkum fólgin í því að framkvæmdaradilar virðast einungis hafa skoðað þann kost að leggja vegin norðan núverandi vegar í landi Gunnarshólma, þ.e. í átt að nýlega byggðu íbúðarhúsi og ferðaþjónustu sem þar er rekin. Nú þegar er hljóðvist við Gunnarshólma ekki ásættanleg og samkvæmt matskýrslu mun hún aðeins versna við þessa framkvæmd, þrátt fyrir að hljóðvarnir verða eflar. Einnig mun mengun frá umferðinni aukast umtalsvert í nálægð við býlið. Þá er útséð að fyrirhugaðar framkvæmdir munu koma til með að hafa veruleg neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna sem rekin er á Gunnarshólma en þangað hefur komið fólk sem kys að dveljast í útjaðri höfuðborgarinnar í leit að friðsælu og rólegu umhverfi. Allt frá upphafi hefur verið skýr stefna eigenda Gunnarshólma að viðhalda einkennum gamla bæjarins með það fyrir augum að vernda tilvist þessa fyrrum stórbýlis. Margar minjar af búskaparháttum fyrri tíma er þar að finna og er til að mynda gömul torfhláðin geymsla á túninu sem byggð var um 1930 þar sem til stendur að leggja vegin.

Eigendur Gunnarshólma skiluðu inn athugasemdum á sínum tíma í tengslum við umhverfismat framkvæmdarinnar og var kostur þess að vegurinn yrði lagður sunnan núverandi vegar lýst, en land þeim megin vegarins tilheyrir einnig Gunnarshólma. Einnig var bent á að eigendur Gunnarshólma þurfi að hafa greiðan aðgang að landi sínu sunnan vegarins og yrði því að gera kostnaðarsöm undirgöng til að tryggja þann aðgang. Eigendur munu hins vegar ekki fara fram á undirgöng ef fallist verður á að breyta fyrirhugaðri legu vegarins.

Í matskýrslu svarar Vegagerðin athugasemdum landeigenda stuttlega á þann veg að ekki komi til greina að breikka veginn til suðurs þar sem friðlýst náttúruvætti séu staðsett sunnan megin vegarins er nefnast Tröllabörn. Þá sé ástæðan einnig lega vegarins vestan Hólmsár og nálægð við íbúðarhús þar. Auðvelt er að sýna fram á að Tröllabörn muni að engu skadast með því, en nóg pláss er til að leggja veginn norðan Tröllabarna þrátt fyrir að vegurinn yrði breikkaður til suðurs í landi Gunnarshólma. Þá telja eigendur Gunnarshólma að Vegagerðin hefði þurft að skýra mun betur sjónarmið sín röksemdir varðandi það að lega vegarins vestan Hólmsár sé ástæða þess að leggja verði veginn norðan núverandi vegar. Mögulega væri sá kostur einnig ákjósanlegri þar sem vegstæði myndi ekki að liggja samsíða laxveiðiánni Hólmsá á svo löngum kafla.

Rök Vegagerðarinnar um að nálægð vegarins við íbúðarhús vestan Hólmsár komi í veg fyrir að vegurinn verði lagður sunnan megin eru mjög einkennileg þegar litið er til þess skaða sem eigendur Gunnarshólma verða fyrir verði vegurinn lagður með þeim hætti sem áætlað er. Þá telja eigendur að taka beri tillit til þess að bærinn er lögbyli þar sem rekin er atvinnustarfsemi og ef fram fer sem horfir er hætt á að bæði ábúð og sú starfsemi sem þar er lögnot út af eða, í besta falli, verði fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni vegna framkvæmdanna.

Verði vegurinn lagður sunnan megin myndi það ekki setja landnotkun á þessu dýrmæta svæði rétt fyrir utan höfuðborgina eins miklar skorður og sá kostur sem nú er ætlunin að ráðast í. Verði vegurinn hins vegar lagður norðan megin verður hann mun nærri byggð en ella, en það land sem er sunnan megin vegarins stendur autt og er því mun ákjósanlegra fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir. Þannig væri hægt að lágmarka áhrif framkvæmdanna í byggð í sátt við eigendur Gunnarshólma.

## 2. Umfangsminni framkvæmd

Eitt af yfirlýstum markmiðum framkvæmdaáðila er að fyrirhuguð vegaf framkvæmd á Suðurlandsvegi er ætlað að fækka slysum og greiða fyrir umferð á veginum. Eigendur Gunnarshólma telja að ekki hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt sé að leggja 2+2 veg með svo breiðu sniði til að markmiðum framkvæmdanna verði náð og heldur ætti að skoða möguleikann á 2+1 vegi á svæðinu.

Í grein sem birtist á heimasíðu Vegagerðarinnar, þann 16. desember 2010, segir berum orðum að umferð á Suðurlandsvegi sé ekki það mikil að þörf sé á 2+2 vegi umferðarmagnsins vegna. Þá segir að aðalmarkmið framkvæmdanna sé að auka umferðaröryggi á veginum til að aðskilja gagnstæðar akstursstefnur og það megi gera með mun einfaldari hætti, eða með 2+1 vegi.

Með þetta fyrir augum benda eigendur Gunnarshólma einnig á að í áliti Skipulagsstofnunar segir:

*Ljóst er að neikvæðustu umhverfisáhrif verða vegna lagningar 2+2 vegar með mislægum vegamótum, þar sem hann veldur langmestu röskuninni og hefur í för með sér verulega neikvæð áhrif á nútímahraun og búsvæði fugla. Áhrif svo umfangsmikillar breiðkunar hefur í för með sér talsvert neikvæð áhrif á gróður, landslag, forminnjar og útivist. Skipulagsstofnun telur að umferðarmannvirki vegna 2+2 vegar í nágrenni byggðar hafi verulega neikvæð sjónræn áhrif.*

Auk þess telur Skipulagsstofnun að ef valinn yrði umfangsminni kostur við tvöföldun vegarins yrðu umhverfisáhrif hans minni.

Þá telja eigendur að ekki hafi verið sýnt fram á að framkvæmdaraðilar muni geta náð að fylgja ákvæðum reglugerðar varðandi mörk fyrir hávaða ef 2+2 vegur verður lagður á þessum kafla. Ekki þarf að tíunda hvaða áhrif fyrirhuguð framkvæmd mun hafa á hljóðvist þar sem afar stutt verður frá veghelgunarsvæði Suðurlandsvegur og að húsveggjum á bænum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum þykir ekki sýnt fram á hvernig framkvæmdaáðili ætli að mæta kröfum um hljóðvist á þessum stað með fullnægjandi hætti, þar sem ekki þykir fyrir séð að hljóðvarnir sem áætlað er að reisa muni hafa tilætluð áhrif. Yrði það rauninn væri það með öllu óásættanlegt fyrir eigendur Gunnarshólma að þurfa þola slíka skerðingu á eign sinni sem varin er af 72. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins og 1. gr. sammingsviðauka 1 í lögum um Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994. Þá ber stjórnvöldum að gæta meðalhófs í athöfnum sínum og sér í lagi þegar til stendur að skerða stjórnarskrávarinn eignarétt borgaranna.

## 3. Samantekt

Það er margt sem mælir með því að umrædd áform verði endurskoðuð og vegurinn verði lagður sunnan núverandi vegar. Þá má horfa á kosti þess að halda veginum óbreyttum og/eða að breiðkun vegarins verði umfangsminni og til suðurs. Á Gunnarshólma er rekin ferðaþjónusta þar sem boðið er upp á gistingu í sveit í nálægð höfuðborgarinnar. Svæðið er kjörið undir rekstur ferðaþjónustu og fjölbreytta útivist. Enginn vafi

er á því að framkvæmdirnar munu setja öll áform um frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu úr skorðum.

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi sjónarmið ábúenda og eigenda Gunnarshólma við framkvæmd tvöföldunar Suðurlandsvegur í landi Gunnarshólma. Ljóst er að miklir hagsmunir eru fölgir í því að málið verði tekið til endurskoðunar svo fljótt sem auðið er og að tillit verði tekið til ofangreindra sjónarmiða.

f.h. eigenda og ábúenda Gunnarshólma

---

Gunnar Haraldsson

Kópavogsbær  
B.t. skipulagsdeildar  
Digranesvegji 1  
200 Kópavogur



**Efni: Viðbrögð Vegagerðarinnar við athugasemdum eigenda og ábúenda Gunnarshólma við fyrirhugaða breikkun Suðurlandsvegur frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku**

## 1. MÁU

Árið 2009 lét Vegagerðin vinna matsskýrslu vegna breikkunar Suðurlandsvegurins frá Hólmsá að Hveragerði.

Í álitinu sínu um matsskýrsluna segir Skipulagsstofnun:

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Vegagerðarinnar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Vegagerðarinnar byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Vegagerðarinnar til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Vegagerðarinnar hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar er í fullu samræmi við matsskýrsluna og þær fyrirætlanir sem þar er lýst.

## 2. Breikkun vegar verði til suðurs í stað norðurs

### Tröllabörn

Með vísan í matsskýrslu (Efla verkfræðistofa, 2009) áréttar Vegagerðin að vegna náttúruvættisins Tröllabarna er ekki mögulegt að breikka Suðurlandsveginn til suðurs á umræddu svæði.

Verndarsvæði Tröllabarna er u.þ.b. 8 m frá núverandi vegöxl. Tveggja akreina vegur með öxlum og miðdeili er að lágmarki 22 m breiður í akbrautarhæð og myndi því ná langt inn fyrir mörk verndarsvæðisins. Jafnvel þótt farið yrði í 2+1 veg eða 2+2 veg í þröngu sniði myndu vegfláar og öryggissvæði alltaf lenda innan verndarsvæðisins.

Vegagerðin telur því útilokað að breikka Suðurlandsveginn til suðurs á umræddu svæði vegna náttúruvættisins Tröllabarna.

Myndir 1 og 2 sýna glögggt hve nálægt Suðurlandsveginum nyrstu hraundrýlin liggja.



Mynd 1. Nyrstu Tröllabörnin eru í um 8 m fjarlægð frá vegöxl núverandi Suðurlandsvegur (mynd fengin af map.is).



Mynd 2. Ekki er rými fyrir mikið meira en vegslóða á milli núverandi Suðurlandsvegur og nyrsta Tröllabarnsins (mynd fengin af ja.is).

### Hljóðvist og ásjúnd

Í umfjöllun matsskýrslu um hljóðvist í nágrenni 2+2 vegar var gert ráð fyrir að hækka þyrfti Suðurlandsveginn um 4 m við Lækjarbotna til þess að koma fyrir mislægum Geirlandsvegamótum. Slík framkvæmd hefði neikvæð áhrif á hljóðvist í þá átt sem vegurinn yrði breikkaður. Að auki hefðu hærrí vegur og umfangsmiklar hljóðvarnir neikvæð áhrif á ásjúnd svæðisins.

Nú er ljóst að hæðarlega vegarins helst óbreytt á umræddum kafla þar sem ekki verður ráðist í gerð mislægra vegamóta við Geirland. Þessi breyting dregur verulega úr neikvæðum áhrifum á hljóðvist og ásjúnd svæðisins frá Gunnarshólma. Eftir sem áður mun Vegagerðin ráðast í nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til að tryggja að hljóðstig við Gunnarshólma og Geirland verði undir mörkum reglugerðar um hávaða (nr. 724/2008).

## Aðgengi

Samfara tvöföldun Suðurlandsvegarins á milli Hólmsár og Fossvalla verður hættulegum tengingum inn á veginn lokað eða þær skilyrtar við hægri beygjur. Umferð verður beint um hliðarvegi að öruggum vegamótum sem ætlað er að tryggja aðgengi að landi sunnan og norðan vegar. Ljóst er að vegalengdin á milli lands Gunnarshólma norðan og sunnan vegar lengist en umferðaröryggi eykst verulega.

### **3. Umfangsminni framkvæmd**

Á árunum 2010-2012 vann Vegagerðin að breikkun Suðurlandsvegar á 6,5 km kafla á milli Fossvalla ofan Lögbergsbrekku og upp í Draugahlíðabrekku austan Litlu kaffistofunnar. Austasti hluti kaflans var byggður upp sem 2+1 vegur en vestan við Litlu kaffistofuna var byggður upp 2+2 vegur með 11 m miðdeili. Vegurinn er tekinn niður í eina akrein í hvora átt í gegnum planvegamót við Bláfjöll og Bolaöldur með möguleika á mislægum vegamótum í framtíðinni.

Sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar kemur í beinu framhaldi af þessari framkvæmd og byggir á sömu útfærslu, þ.e. 2+2 vegur með 11 m miðdeili og planvegamótum við Geirland og Lækjarbotna þar sem Suðurlandsvegurinn er tekinn niður í 1+1 veg í gegnum vegamótin.

Þar sem kaflinn Fossvellir – Hólmsá er að jafnaði umferðarmeiri en aðlægi kaflinn Fossvellir – Draugahlíðar telur Vegagerðin ekki forsvaranlegt að fara í 2+1 framkvæmd á kaflanum. Þar að auki má ætla að 2+1 vegur á milli Fossvalla og Hólmsár yrði útfærður með sambærilegum hætti og gert er í yfirstandandi framkvæmdum við breikkun Suðurlandsvegarins á milli Hveragerðis og Selfoss. Þar er vegurinn byggður upp sem 2+2 vegur jafnvel þótt yfirborðsfrágangur miðist við 2+1 veg. Undirbygging vegarins og þar með veghelgunarsvæðið myndu því að líkindum taka mið af 2+2 framkvæmd til þess að mæta væntanlegri umferðaraukningu til framtíðar.

Skv. vegalögum (nr. 80/2003) er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m frá miðlínu vegar. Við tvöföldun Suðurlandsvegarins á umræddu svæði færast veghelgunarmörk um rúma 11 m til norðurs. Skerðing á landi er því mun umfangsminni en nemur heildarbreikkun vegarins. Á hefðbundnum 2+1 vegi má ætla að veghelgunarmörk myndu færast um að lágmarki 5 m til norðurs og svo enn lengra þegar vegurinn yrði tvöfaldaður að fullu.

Að ofansögðu telur Vegagerðin hvorki hagkvæmt né ákjósanlegt að byggja 2+1 veg í stað 2+2.

### **4. Skipulag og áætlanir**

Svæðið sem framkvæmdin nær til er að mestu leyti í landi Kópavogsbæjar. Landið hefur ekki verið deiliskipulagt en gert er ráð fyrir breikkun vegarins í aðalskipulagi. Fyrirliggjandi deiliskipulagsupprættir fyrir höfuðborgarsvæðið, sem nálgast má á heimasíðu Skipulagsstofnunar, taka mið af áformum Vegagerðarinnar um tvöföldun Suðurlandsvegarins, enda ber Vegagerðinni við að hafa sveitarfélögin með í ráðum við undirbúning framkvæmda.

Allt frá árinu 2009 hefur Vegagerðin miðað allar sínar áætlanir við að tvöfalda Suðurlandsveginn til norðurs frá Hólmsá að Fossvöllum. Mat á umhverfisáhrifum, undirbúningsrannsóknir, skipulagsvinna og hönnun hafa alfarið tekið mið af þessum áætlunum.

## 5. Niðurstaða

Vegagerðin er ekki sammála þeirri fullyrðingu landeigenda og ábúenda Gunnarshólma að enn sé tækifæri til að endurskoða fyrirætlanir um tvöföldun Suðurlandsvegarins frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Framkvæmdin er hluti af stærra verkefni sem hefur verið í undirbúningi og framkvæmd frá árinu 2009. Framkvæmdin er í fullu samræmi við matsskýrslu, skipulagsáætlanir og fyrri áfanga verkefnisins.

Vegagerðin telur ekki hægt að breikka veginn til suðurs á milli Fossvalla og Hólmsár vegna náttúruvættisins Tröllabarna. Þar að auki væri slík framkvæmd ekki í samræmi við mat á umhverfisáhrifum.

Umfangsminni framkvæmd (2+1 vegur) væri ekki í samræmi við aðlæga kafla vegarins sem þó eru með minni umferð. Þá má ætla að áhrif á veghelgunarsvæði og ásýnd yrðu hverfandi þar sem undirbygging 2+1 vegar myndi að öllum líkindum miðast við 2+2 veg til þess að mæta væntanlegri framtíðarþörf.

Ekki stendur til að hækka Suðurlandsveginn við Geirlandsvegamót. Áhrif 2+2 vegar á hljóðvist við Gunnarshólma verða því minni en gert er ráð fyrir í matsskýrslu. Vegagerðin mun sjá til þess að skilyrðum reglugerðar um hávaða verði framfylgt.

f.h. Vegagerðarinnar

Gísli Gíslason, verkefnisstjóri

Helga Jóna Jónasdóttir, umsjónarmaður

Ólafur Th. Árnason, hönnunarstjóri

## Fylgiskjal 7 – Athugasemd sumarhússeiganda við Geirland

---

### **Stofnupplýsingar**

Til : Skipulag

Frá : Sverrir Kristfinnsson <skristfinnsson@icloud.com>

Heiti : Breikkun Suðurlandsveggar við lögbergsbrekku

Málsnúmer : 2105939

Málsaðili : Vegagerðin

Skráð dags : 18.9.2021 17:28:16

Höfundur : Sverrir Kristfinnsson <skristfinnsson@icloud.com>

Ábending:

Setja þyrfti hljóðmön þar sem vegur snýr að sumarhúsabyggð þegar þar að kemur.

Mbkv. Sverrir Kristfinnsson 180859-7569 eigandi sumarhúss við Geirland.

Sent from my iPad



Reykjavík, 28. september 2021

Skipulags- og byggingardeild Kópavogs,  
Digranesvegi 1,  
200 Kópavogur

**Efni: Umsögn Veitna ohf. vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku**

Veitur ohf. hafa fengið til umsagnar framkvæmdina „Breikkun Suðurlandsveggar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Umsókn um framkvæmdaleyfi“ dags. 27. maí 2021 og gera eftirfarandi athugasemdir:

Framkvæmdasvæðið er allt innan vatnsverndarsvæðis, nánar tiltekið á fjarsvæði og á öryggissvæði vegna grunnvatns, og er það enn fremur í nágrenni við vatnsból höfuðborgarsvæðisins þar sem Veitur sækja neysluvatn sem er dreift til höfuðborgarbúa. Vatnsveita Veitna í Reykjavík þjónar um 45% þjóðarinnar. Að jafnaði eru rúm 70% af neysluvatni veitunnar sótt á vatnstökusvæði í nálægð við fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Ef mengun leitar í vatnsbólin geta áhrif verið óafturkræf og leitt til mengaðra vatnsbóla og takmarkað vatnstöku á svæðinu til frambúðar. Það eru því ríkir hagsmunir Veitna og allra íbúa höfuðborgarsvæðisins að tryggja öryggi vatnsverndar.

Veitur leggja áherslu mikilvægi þess að fyllsta öryggis sé gætt við uppbyggingu vegarins, að veiting framkvæmdaleyfis sé byggt að ítarlegu mati á mögulegum áhrifum framkvæmdanna og virkni hugsanlegra mótvægisáðgerða sem og að vatnsverndarsjónarmið séu ávallt höfð í forgrunni við uppbyggingu og rekstur vegarins.

Veitur leggja sérstaklega áherslu á þessa þættir þar sem fyrirliggjandi mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu eru frá árinu 2009 og voru því unnin áður en núverandi vatnsverndarskipulag og Samþykkt verndarsvæða vatnsbóla innan lögsagnarumdæma, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnafjarðarkaupstaðar (nr. 555/2015)<sup>1</sup> voru samþykkt. Auk þess hafa orðið breytingar í lagaumhverfi<sup>2</sup> á þessu tímabili og rannsóknir hafa átt sér stað í sambandi við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðinu á undanföllum árum<sup>3</sup>.

Mikil vinna hefur farið fram við að uppfæra vatnagrunn svæðisins með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum rannsóknum, borun rannsóknarhola, síritun grunnvatnshæðar og endurskoðun reiknilíkana á svæðinu. Enn fremur hafa verið gerðar fjölmargar athuganir vegna mögulegra áhrifa framkvæmda og landnotkunar á vatnafar og vatnsból. Mikilvægt er að horfa til þessara rannsókna til grunnviðmiðunar um aðstæður við Suðurlandsveg. Nýlegt mat á framkvæmdum eins og t.a.m. vegna Lyklafellslínu og uppbyggingu á skíðasvæðunum í Bláfjöllum og við Þríhnúkagíg sem og vegna deiliskipulags athafnasvæðis á Hólmsheiði, hefur í öllum tilfellum gengið mun lengra gagnvart mögulegum áhrifum á vatnsbólin en ráð er fyrir gert gagnvart Suðurlandsvegi samkvæmt tillögunni.

<sup>1</sup> Vatnsvernd SSH <https://www.ssh.is/vatnsvermdin>

<sup>2</sup> Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

<sup>3</sup> Áhættumat vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki á Sandskeiði. EFLA. 2.2.2017; Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll, áhættumat gagnvart vatnsvernd. Mannvit, desember 2017; Þríhnúkagígur og skíðasvæði í Bláfjöllum. Dreifingarreikningar vegna áhættumats uppbyggingar og starfsemi. Verkfræðistofan Vatmaskil; Áhættumat starfshóps Kópavogsbæjar vegna Þríhnúkagígs og skíðasvæða, febrúar 2018.



Í ljósi legu vegarins og þeirrar miklu umferðar sem um hann fer hefði verið ástæða til að ganga enn lengra en í framangreindum dæmum og fá sem besta og skýrasta mynd af mögulegum áhrifum vegarins á vatnsbólun og virkni þeirra mótvægisáðgerða sem valdar verða við útfærslu vegstæðisins og rekstur vegarins.

Veitur telja að skýrar þurfi að koma fram að hvaða leyti vegurinn hefur verið hannaður með hliðsjón af vatnsvernd sem styðja sem best við viðbragsáðgerðir sem þurfa að vera til staðar ef til slyss kemur á vegstæðinu. Þar á meðal þyrfti skýrar að koma fram hvaða mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar af hendi framkvæmdar- og rekstraraðila vegarins, t.d. er hægt að nýta jökulruðningslög sem tefji mengun nægjanlega lengi svo bregðast megi við slysi og fjarlægja mengun. Enn fremur ber að koma fram hvaða eftirfylgni er áformuð af hendi rekstraraðila vegarins hvað slík viðbrögð varðar.

Veitur lýsa sig reiðubúna að deila af reynslu sinni af mótvægisáðgerðum og framkvæmdum á vatnsverndarsvæðum og að halda umhverfisstund með verktökum áður en framkvæmdum framkvæmdir hefjast, sé þess er óskað.

Hólmfríður Bjarnadóttir  
Umhverfis- og skipulagsstjóri Veitna

## Minnisblað

### Viðbrögð Vegagerðarinnar vegna umsagnar Veitna



Vegagerðin hefur móttakið umsögn Veitna vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Suðurlandsveg frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku. Hér á eftir er athugasemdum svarað og gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum sem ætlað er að lágmarka áhrif á vatnsverndarsvæði.

#### 1. Markmið framkvæmdar

Markmið tvöföldunar Suðurlandsvegur er að bæta umferðaröryggi og auka greiðfærni umferðar. Aukið umferðaröryggi næst með því að aðgreina akstursstefnur með 11 m breiðum miðdeili og vegriði, fækka hættulegum tengingum og lagfæra hliðarsvæði. Aukið umferðaröryggi fækkar slysum og þar með hættu á mengunarslysum. Aukið umferðaröryggi helst því í hendur við aukið öryggi vatnsverndarsvæða.

Síða 1/2

#### 2. Áhættuþættir og mótvægisáðgerðir við hönnun

Um Suðurlandsveg fara 10.688 bílar á dag (ÁDU) að jafnaði og 14.014 á dag að sumri til (SDU). Umferðarspár gera ráð fyrir talsvert meiri umferð á komandi árum eða allt að 18.000 ÁDU árið 2040. Samfara aukinni umferð eykst hættu á slysum sem haft geta afdrifaríkar afleiðingar fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Í matsskýrslunni frá 2009 er gerð ágæt grein fyrir þeim áhættuþáttum innan vatnsverndarsvæðisins sem geta haft áhrif á heilbrigði vatnsbólá. Hér er þó bent á að umferð hefur aukist talsvert frá því sem var þegar matsskýrslan var unnin og því enn brýnna en áður að bæta úr umferðaröryggi og minnka slyshættu.

Við hönnun vegarins hefur Vegagerðin haft til hliðsjónar og tekið tillit til þeirra þátta sem tilgreindir eru í matsskýrslu og haft til hliðsjónar samþykkt nr. 555 um verndarsvæði vatnsbólá. Dæmi um hönnunarútfærslur/mótvægisáðgerðir:

- Efsta lag í fláa og miðdeili verður þétt efni (jökulruðningur eða mold) sem hleypir efnum hægar í gegn komi til mengunarslyss. Efni valið í samstarfi við eftirlit og verkkaupa.
- Fláar eru flattir út í 1:4, sem minnkar líkur á veltu ef ekið er út af veginum.
- Axlir eru breikkaðar í 3 m.
- Akbrautir halla inn að miðdeili (þar sem því er viðkomið) til að tryggja að efni sem kunna að leka á akbrautina renni inn í miðdeili þar sem hreinsun getur farið fram á afmörkuðu svæði. Það er talið betra en að efni leiti út fyrir öxl vegar og út í náttúruna óhindrað.

Vegagerðin  
Ólafur Thorlacius  
Árnason

- Akstursstefnur eru aðgreindar eins og áður segir, með 11 m miðdeili og vegriði.

### 3. Áhættuþættir og mótvægisáðgerðir á framkvæmdatíma

Vegagerðin hefur lagt mikla áherslu á vatnsverndarmál í undirbúningi framkvæmdarinnar. Í nánu samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs (HHGK) hefur Vegagerðin látið vinna áhættumat framkvæmdarinnar vegna vatnsverndar með það að markmiði að greina fyrirsjáanlegar áhættur sem fylgja því að framkvæma innan vatnsverndarsvæðis.

Í áhættumatinu er gerð ítarleg grein fyrir þeim kröfum sem verktaka er ætlað að uppfylla. Sömu kröfur er að finna í útboðsgögnum til verktaka. Sem dæmi ber verktaka að láta lekaskoða vinnuvélar hjá vottuðum aðila áður en þær eru fluttar á vinnusvæðið. Þar að auki skal framkvæma reglulegar lekaprófanir á vinnuvélum til að tryggja að engir lekar séu. Þá skulu olíuáfyllingar fara fram á skilgreindum svæðum og eingöngu framkvæmdar af vönum, þjálfuðum aðilum. Sjá meðfylgjandi „Áhættumat vatnsverndar“ fyrir ítarlegri upplýsingar.

Verktaki hefur verið valinn eftir útboðsferli. Verktaki í 1. áfanga er samtarf Jarðvals sf. og Bjössu ehf. Vegagerðin hefur fundað reglulega með verktaka, HHGK, ráðgjöfum og eftirliti um vatnsverndarmál við undirbúning framkvæmdanna. Drög að starfsleyfum til Vegagerðarinnar og verktaka liggja fyrir hjá HHGK og eru klár til afgreiðslu þegar framkvæmdaleyfi frá Kópavogsbæ liggur fyrir.

Við útboð á eftirliti með framkvæmdunum var vægi reynslu við vinnu á vatnsverndarsvæði hækkað miðað við það sem gengur og gerist í öðrum útboðum. Mannvit verkfræðistofa mun hafa eftirlit með framkvæmdunum og leggja til eftirlitsmann með sérþekkingu á vatnsverndarmálum.

Á framkvæmdatímanum munu allir þeir sem að framkvæmdinni koma funda reglulega með fulltrúa HHGK. Vel færi á því að Veitur ættu líka fulltrúa á þeim fundum.

Ólafur Thorlacius Árnason  
Hönnunarstjóri

# Starfsleyfi

Vegagerðin.

Kt: 680269 – 2899

Aðalskrifstofa: Suðurhraun 3, Garðabæ

Leyfi til framkvæmda við Suðurlandsveg  
innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins

Með vísun til ákvæða 45. og 57. gr. heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar og með vísun til 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis Vegagerðinni tímabundið leyfi til framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

**Leyfið gildir frá 28. júní 2021 til 30. júní 2022**

Boðuð framkvæmd er bæði innan öryggis- og fjarvæðis vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

## Gildissvið

Leyfið tekur til framkvæmda við tvöföldun Suðurlandsvegur á svæði frá Fossvöllum í austri og í vestur átt um Lögbergsbrekku að vegamótum að Geirlandi. Leyfið nær einnig til efnisflutninga og aðrar tengdar framkvæmdir.

Leyfishafi, Vegagerðin er með heildar ábyrgð á framkvæmdinni og ber henni að viðhafa eftirlit með þeim verktökum sem hún felur framkvæmd.

## Almennar kröfur

- Framkvæmdinni skal hagað í samræmi við ákvæði um fjar- og öryggissvæði vatnsverndar í samþykkt 555/2015.
- Framkvæmdinni skal hagað í samræmi við áhættumat sem Vegagerðin hefur lagt fram vegna framkvæmdarinnar og var gert af Verkfræðistofunni Hnit, dags. maí 2021.
- Við framkvæmdina ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar.
- Við framkvæmdina skal fylgt ákvæðum sem við eiga í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- Framkvæmdinni skal haga í samræmi við matsskýrslu Vegagerðarinnar frá júlí 2009 og álit Skipulagsstofnunar frá 9.7.2009 sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Leyfishafi skal tryggja að verktakar sem koma að verkinu afli sér einnig starfsleyfis heilbrigðisnefndar vegna sinna verkþátta.

### Kröfur er varða mengunarvarnir

- Til að draga úr mengunarhættu á rekstrartíma vegar og til að auðvelda hreinsun verði mengunaróhapp, skal við hönnun vegar leitast við að rennsli af vegi sé inn að miðdeili þar sem því verður við komið. Í miðdeili og fláa skal nota ríkulegt magn af jarðefnum sem geta fangað olíur og önnur skaðleg efni.
- Leyfishafi skal tryggja að aðflutt efni í undirlag vegar, í miðdeili og fláa komi af mengunarlausu svæði, frá Geirlandi við Suðurlandsveg eða námum sem hafa starfsleyfi.
- Leyfishafi skal tilnefna fulltrúa sinn til að vera tengill við leyfisgjafa.
- Leyfishafi skal hafa daglegt eftirlit með framkvæmdinni og þeim verkþökum sem að henni koma og halda skrá sem sé aðgengileg fulltrúum heilbrigðiseftirlits. Þættir sem eftirlit Vegagerðarinnar skal m.a. ná til er að:
  - a. Yfirfara áhættumat og viðbragðsáætlun verkataka bæði í upphafi og eins ef breytingar verða, t.d. vegna breytinga á framkvæmd verksins.
  - b. Að meta hvernig staðið er að sem áhættu minnstum flutningi á olíu eða eldsneyti vegna vegagerðarinnar, val og frágang á stöðum til áfyllingar á tæki og framkvæmd olíuáfyllinga.
  - c. Halda utan um staðfestingar á að tæki hafi staðist lekaskoðun hjá viðurkenndum aðila áður en þau eru tekin í notkun á svæðinu.
  - d. Framkvæma reglulega lekaskoðun á tækjum á meðan á framkvæmd stendur í samráði við heilbrigðiseftirlitið.
  - e. Sjá til þess að verktakar uppfylli cinnig önnur þau skilyrði sem upp eru talin í áhættumati Vegagerðarinnar frá maí 2021 og annað er varðað getur ákvæði starfsleyfis eða haft getur áhrif á öryggi framkvæmdar.
- Leyfishafi hefur upplýsinga- og samráðsskyldu gagnvart leyfisgjafa. Halda skal reglubundna samráðsfundi með heilbrigðisfulltrúa, þ.m.t. við upphaf og lok stærri verkþátta.
- Samkvæmt verkáætlun Vegagerðarinnar er áformað að framkvæmdir fari fram á árunum 2021 og 2022. Leyfishafi skal í samvinnu við sinn verktaka sjá til þess að framkvæmdir ógni ekki öryggi vatnsverndar vegna veðurskilyrða og fresta frekar verkefnum til vors 2022 reynist þess þörf.

### Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir.

Heilbrigðiseftirlit getur stöðvað framkvæmdir á svæðinu ef ekki er fylgt ákvæðum starfsleyfis eða ef rökstuddur grunur er um að öryggi vatnsverndar sé ógnað.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
Garðabær, -- ágúst 2021

Drög til til kynningar.

# Starfsleyfi

Verktaki.

Kt: .....

Heimilsfang: .....

Leyfi til framkvæmda við Suðurlandsveg  
innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins

Með vísun til ákvæða 45 og 57. gr. heilbrigðissamþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar og með vísun til 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis nafn fyrirtækis tímabundið leyfi til tiltekinnna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Leyfið gildir frá 28. júní 2021 til 30. júní 2022

Boðuð framkvæmd er bæði innan öryggis- og fjarvæðis vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

## Gildissvið

Leyfið tekur til framkvæmda sem fram kemur í útboðsskilmálum Vegagerðarinnar við tvöföldun Suðurlandsvegar, efnisflutninga og aðrar tengdar framkvæmdir á svæði frá Fossvöllum og í vestur átt um Lögbergsbrekku að vegamótum að Geirlandi.

Vegagerðin er með heildar ábyrgð á framkvæmdinni en fyrirtækið ..... ber ábyrgð á á framkvæmd þeirra verkþátta sem það hefur tekið að sér í verksamningi og að fylgt sé ákvæðum starfsleyfis.

## Ahnennar kröfur

- Framkvæmdinni skal hagað í samræmi við ákvæði um fjar- og öryggissvæði vatnsverndar í samþykkt 555/2015.
- Framkvæmdinni skal hagað í samræmi við áhættumat sem Vegagerðin hefur lagt fram vegna framkvæmdarinnar og var gert af Verkfræðistofunni Hnit, dags. maí 2021.
- Við framkvæmdina ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar.
- Við framkvæmdina skal fylgt ákvæðum sem við eiga í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- Framkvæmdinni skal haga í samræmi við matskýrslu Vegagerðarinnar frá júlí 2009 og álit Skipulagsstofnunar frá 9.7.2009 sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
- Leyfishafi er ábyrgur fyrir aðkomu samstarfsaðila eða undirverltaka við framkvæmdir á svæðinu.

### Kröfur er varða mengunarvarnir

- Verktími.** Samkvæmt verkáætlun Vegagerðarinnar er áformað að framkvæmdir fari fram á árunum 2021 og 2022. Leyfishafi skal í samvinnu við Vegagerðina sjá til þess að framkvæmdir ógni ekki öryggi vatnsverndar vegna veðurskilyrða og fresta frekar verkefnum til vors 2022 reynist þess þörf.
- Fulltrúi verktaka.** Á vegum leyfishafa skal vera sérstakur fulltrúi, starfsmaður sem hefur daglegt eftirlit með að unnið sé í samræmi við ákvæði starfsleyfis þessa, skilmála Vegagerðarinnar og áhættumat leyfishafa. Hann skal einnig vera tengill við eftirlitsaðila Vegagerðarinnar og heilbrigðiseftirlits.  
Fulltrúinn hefur upplýsinga- og samráðsskyldu gagnvart verkkaupa og leyfisgjafa. Halda skal reglubundna samráðsfundi verkkaupa, leyfishafa og heilbrigðisfulltrúa, þ.m.t. við upphaf og lok stærri verkþátta.
- Lekaleit á tækjum í upphafi og á verktíma.** Öll tæki sem notuð verða við framkvæmdina skulu vera í góðu ásigkomulagi.  
Áður en framkvæmdir hefjast skal leyfishafi leggja fyrir fulltrúa Vegagerðarinnar og eftirlits skrá yfir þau tæki sem hann áformar að nota við verkið. Þá skal leyfishafi leggja fram vottorð, frá aðila sem þessir aðilar samþykkja, er staðfestir að umrædd tæki hafi farið í lekaskoðun og staðist hana. Í tækjum skal vera afrit af niðurstöðum lekaskoðunar.  
Leyfishafi í samráði við fulltrúa Vegagerðarinnar skal reglulega á verktíma kanna lekaástand tækja, m.a. með því að sjónskoða og með því að gangsetja þau á plastdúk og mynda. Halda skal skrá yfir niðurstöður skoðana á verktíma.
- Oliuáfyllingar.** Bifreiðar og önnur tæki sem geta með góðum hætti tekið olíu utan vinnusvæðis skulu taka eldsneyti á bensinstöð eða hjá viðkomandi fyrirtæki.  
Oliúbifreiðar sem flytja olíu inn á svæðið til að setja á jarðýtur og önnur hliðstæð tæki skulu hafa lágmarksmagn af olíu í tanki.  
Við áfyllingu skal unnið á sléttu malarsvæði. Auk oliúbilstjóra og vélamanns skal fulltrúi verktaka vera viðstaddur oliuáfyllingar og vera með búnað til að bregðast við minni oliúóhöppum,
- Viðbrögð við mengunaróböppum og upplýsingaskylda.** Verði meira olíuslys eða óhapp en svo að hægt sé að hreinsa hana fljótt upp skal tilkynna um slysið til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í síma 112.  
Upplýsa skal heilbrigðiseftirlit og fulltrúa Vegagerðarinnar um öll oliúóhöpp.  
Leki olía, glussi eða önnur mengandi efni niður skal umsvifalaust reyna að fjarlægja mengaðan jarðveg. Leyfishafi skal hafa á starfssvæðinu gám eða aðra geymslu til að moka í oliumenguðum jarðvegi er óhöpp verða. Oliumenguðum jarðvegi skal komið í viðeigandi förgun í samráði við heilbrigðiseftirlit.  
Verði vart við leka á olíum eða glussum af tæki skal þegar gera ráðstafanir til að lágmarka mengun. Skal viðkomandi tæki síðan flutt til viðgerðar og lekaskoðunar.
- Aðflutt efni í undirlag og í fláa og miðdeili.** Aðflutt efni sem leyfishafi notar í undirlag vegar, í miðdeili og fláa skal vera sótt á mengunarlaust svæði, frá efnisvinnslunni að Geirlandi við Suðurlandsveg eða úr námum sem hafa starfsleyfi. Val á jarðefnin skulu og hafa verið samþykkt af fulltrúa Vegagerðarinnar.
- Geymsla á tækjum utan verktíma.** Tæki skulu geymd á sléttu malarsvæði þar sem hægt er að hreinsa upp smit og oliuleka. Á svæði þar sem tæki skapa ekki hættu og þar sem lítil líkindi eru um skemmdarverk.

8. **Starfsstöð á framkvæmdasvæði.** Staðsetning skal ákveðin í samráði við Vegagerðina og fá samþykki heilbrigðiseftirlits.
- a. Sé starfsstöð eða vinnubúðir utan helgunarsvæðis vegar skal liggja fyrir staðfesting á heimild landeiganda eða lóðarhafa á staðsetningu.
  - b. Ef í starfsstöð verður mótuneyti eða svefnaðstaða skal sérstaklega sótt um leyfi til þess rekstrar.
  - c. Í starfsstöð skulu vera þursalerni með handlaugum nema ef um annað sé samið.
  - d. Öll urðun eða brennsla á úrgangi er óheimil.
  - e. Í starfsstöð skulu vera næg og traust sorpilát fyrir þann úrgang sem til fellur.
  - f. Ef efna- eða olíuvörur eru geymdar í starfsstöð skulu þær geymdar í trausti og lokaðri hirslu sem fulltrúi Vegagerðarinnar hefur samþykkt.
  - g. Umbúnaður um ljósavél eða varaafsstöð og oliutankur því tengdu skal fá úttekt og samþykki fulltrúa Vegagerðarinnar.

#### Úttektir og eftirlit

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðlega áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Skylt er að framvísa leyfinu hvenær sem opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Heilbrigðiseftirlit getur stöðvað framkvæmdir á svæðinu ef ekki er fylgt ákvæðum starfsleyfis eða ef rökstuddur grunur er um að öryggi vatnsverndar sé ógnað.

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,  
Garðabær --, ágúst 2021

Drög til kynningar.